



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík - Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 82-9100

18. fundur

Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja heldur sinn 18. fund þriðjudaginn 20. desember 1977 kl. 8.30
Mættir eru: Skólameistari, yfirkennari, Gunnar Sveinsson formaður, Guðjón Kristjánsson, Ingvar Jóhannsson, Guðrún Sigurðardóttir og Jón Hólmgeirsson.

I. Fjármál skólans:

Skólameistari las upp bréf dags. 19. des. '77 til fjármálaráðherra og menntamálaráðherra. Í bréfi þessu er ítrekuð beiðni um aukna fjárveitingu, ásamt rökstuðningi fyrir beiðninni. Greiðslustaða skólans 12.12. '77 er þannig að lausaskuldir skólans eru kr. 10.132.575.00. Þessar skuldir stafa að mestu vegna stofnunartréiðnaðar- og hársnyrtibrautar. Brautir þessar voru stofnaðar með heimild menntamálaráðherra en fjármálaráðuneytið hefur engar greiðslur látið í té enn. Skólanefndin vantar þess að greiðslur þessar færi fram fyrir n.k. áramótt.

II. Stofnun flugliðabrautar:

Menntamálaráðherra hejmlaði með bréfi dags. 30.11 '77 stofnun flugliðanámsbrautar er tæki til starfa í janúar 1978. Stofnun brautarinnar var formlega tilkynnt á blaðamannafundi 5. des. Umsóknarfrestur var auglýstur til 20. desember. Borist hafa til skólans 11 umsóknir en 7 til flugmálastjórnann Samtals 18 umsóknir. Skólanefndin lýsir einróma ánægju sinni yfir stofnun þessarar brautar og telur nemendafjöldan hæfilegan til að byrja með.

III. Byggingarframkvæmdir:

Rætt var um fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir við skólann.

Fyrir liggur að framlag ríkissjóðs á árinu 1978 verður ekki nema kr. 30.000.000.- Skólanefnd er sammála um að hefja byggingarframkvæmdir sem fyrst með því að:

1. Að halda áfram að fullhanna byggingarframkvæmdir og fá allar sérteikningar.
2. Að fara þess á leit við sveitafélögin að þau miði framlag sitt til byggingar skólans ^{við} p.a.s. 40.000.000.- á árinu 1978.
3. Að æskja lánsheimildar fjármálaráðuneytins til lántöku að upphæð kr. 30.000.000.- er greiðist af framlagi ríkisins 1979. Skólanefnd telur að ef þessar tillögur fáið samþykktar muni verða hægt að byggja ofan á skólann eins og fyrirhugað var. Skólanefnd felur skólameistara að kanna möguleika á, að nemendur skólans smíði innréttingar og búnað skólans.

Önnur mál.

Rætt um framtíð verknámsbrautanna og skólameistara og yfirkennara falið að ræða við iðnfræðsluráð og menntamálaráðuneytið um tengis atvinnulífs og skóla með tilliti til verknámskennslu. Skólameistari skýrði frá árangri prófa á haustönn, og lagði fram bréf sem hann skrifaði til nemenda með upplýsingum og hvatningu til nemenda.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Jón Hólmgeirsson

Gunnar Sveinsson

Ingólfur Halldórsson

Guðjón Kristjánsson

Guðrún A. Sigurðardóttir

Ingvar Jóhannsson

Jón Bæðvarsson